



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

2004100066

211

12. nóvember 2004

Málefni: Sala á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 4. mál, frestun á sölu

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 4. mál, frestun á sölu.

Í frumvarpinu er lagt til að sölu hlutafjár verði frestað a.m.k. til 2008 og að fyrirtækinu verði falið að gera sérstakt átak til að bæta fjarskiptakerfi með það að markmiði að allir landsmenn eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Heimilt verði að lækka eða fella niður arðgreiðslur til að mæta kostnaði af óarðbærum fjárfestingum.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að ef stjórnvöld vilja standa fyrir verkefnum varðandi fjarskiptaþjónustu á landsbyggðinni og styrkja þau með einum eða öðrum hætti, þá sé eðlilegt og skylt að gefa fleirum en Landssíma Íslands hf. færi á að taka þátt í slíkum verkefnum, ef þau falla ekki með beinum hætti undir þá lögbundna alþjónustuskyldu sem nú hvílir á fyrirtækinu. Fjarskiptaþjónusta sem fellur utan alþjónustu er m.a. háhraðagagnaflutningur og farsímabjónusta. Samkvæmt 23. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er ráðherra heimilt að fela Póst- og fjarskiptastofnun að gera samning í kjölfar útboðs, um þjónustu til almannaheilla sem ekki er hluti alþjónustu og skal kostnaður að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum. Stofnunin telur það vænlegra fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði að gefa öllum jafnan kost á því að keppa um verkefni af þessu tagi.

f.h. Póst- og fjarskiptastofnunar,

Sigurjón Ingvarson
forstöðumaður lögfræðideildar